



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2012

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 6,1 ma.kr. en var neikvætt um 9,6 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 23,9 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 14,3 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 23,7 ma.kr. Stór hluti af því fráviki skýrist með greiðsludreifingu útgjalda.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-apríl 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	160.788	151.271	147.091	143.565	167.478
Greidd gjöld	125.208	167.742	171.241	157.653	171.943
Tekjujöfnuður	35.581	-16.471	-24.150	-14.088	-4.465
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-7.202	-4.249	13.057	4.942	-1.645
Handbært fé frá rekstri	28.379	-20.720	-11.093	-9.146	-6.110
Fjármunahreyfingar	-2.354	8.176	-5.313	-1.754	-5.684
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	26.025	-12.544	-16.406	-10.900	-11.794
Afborganir lána	-804	-1.337	-71.988	-6.020	-78.596
Innanlands	-700	-1.337	-71.988	-753	-1.486
Erlendis	-104	0	0	-5.267	-77.110
Greiðslur til LSR og LH	-1.320	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	23.901	-13.881	-88.394	-16.920	-90.390
Lántökur	9.701	43.706	59.621	33.173	31.582
Innanlands	9.701	37.138	62.246	20.504	16.044
Erlendis	-	6.568	-2.626	12.669	15.538
Breyting á handbæru fé	33.602	29.825	-28.773	16.253	-58.808

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 167,5 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins sem er 16,6% aukning frá sama tímabili í fyrra og 14,7 ma.kr. eða 9,6% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þótt innheimtan sé vissulega sterk má að hluta rekja þetta mikla frávik til óreglulegra tekna sem féllu til á tímabilinu og ekki hafði verið reiknað með við gerð tekjuáætlunar. Tekjur sem teljast óreglulegar námu alls 8,6 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins og ef leiðrétt er fyrir þeim námu heildartekjur ríkissjóðs á tímabilinu 159,8 ma.kr. sem er 7,0 ma.kr. yfir áætlun. Nánar verður vikið að einstökum liðum óreglulegra tekna hér að neðan eftir því sem tilefni er til.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 15,5% á milli ára og námu 154,5 ma.kr. sem er 10,6 ma.kr. yfir áætlun. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 36,6 mö.kr. sem er 19,8% aukning á milli ára og 9,5% yfir áætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti



og útsvari jukust um rúm 18% á milli ára og því ljóst skattstofn tekjuskatts hefur styrkst umtalsvert á undanförunum mánuðum, sem að hluta má rekja til kjarasamninga sem tóku gildi síðasta sumar. Fjármagnstekjuskattur dróst saman um þriðjung á milli ára og nam 11,6 ma.kr. sem er 3,3 ma.kr. undir áætlun. Þó er líklegt að þetta frávik muni minnka eitthvað þegar líður á árið enda hefur minni innheimta líklega í för með sér lægri endurgreiðslur síðar á árinu. Þá benda bráðabirgðatölur fyrir maí til þess að innheimta fjármagnstekjuskatts sé nokkuð yfir áætlun þess mánaðar, en skil vegna fyrsta ársfjórðungs eru á gjalddaga í apríl með eindaga í maí.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	135,439	134,010	154,548	2.6	-1.1	15.3
Skattar á tekjur og hagnað	52,697	52,844	60,141	-16.6	0.3	13.8
Tekjuskattur einstaklinga	31,549	30,589	36,635	6.4	-3.0	19.8
Tekjuskattur lögaðila	3,966	4,462	11,887	-26.6	12.5	166.4
Skattur á fjármagnstekjur	17,183	17,793	11,619	-38.9	3.6	-34.7
Eignarskattar	1,475	1,477	4,291	-14.5	0.1	190.5
Skattar á vöru og þjónustu	59,350	56,096	64,986	13.8	-5.5	15.8
Virðisaukaskattur	40,746	36,822	42,349	10.4	-9.6	15.0
Vörugjöld af ökutækjum	359	688	1,180	4.8	91.7	71.3
Vörugjöld af bensíni	3,311	3,243	3,494	9.7	-2.1	7.8
Skattar á olíu	1,785	1,812	1,998	9.8	1.5	10.2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	4,423	4,477	4,761	15.0	1.2	6.3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	8,726	9,053	11,204	36.1	3.8	23.8
Tollar og aðflutningsgjöld	1,919	1,975	2,137	17.0	2.9	8.2
Aðrir skattar	1,270	1,212	1,730	47.9	-4.5	42.7
Tryggingagjöld	18,727	20,406	21,263	51.1	9.0	4.2
Fjárframlög	40	193	52	-71.4	383.8	-72.9
Aðrar tekjur	11,362	9,318	11,672	-45.0	-18.0	25.3
Sala eigna	233	104	1,206	-	-	-
Tekjur alls	147,073	143,626	167,478	-3.9	-2.3	16.6

Innheimtar tekjur af tekjuskatti lögaðila námu 11,9 ma.kr. sem er 7,3 ma.kr. yfir áætlun. Þetta mikla frávik á sér að hluta skýringu í því að tekjur af fyrirframgreiddum sérstökum fjársýsluskatti, sem er lagður á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma.kr., eru færðar undir tekjuskatt lögaðila. Einnig féllu til á tímabilinu viðbótartekjur vegna uppgjors fyrri ára en þau geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðslna fyrir ríkissjóð. Tekjur af sérstökum fjársýsluskatti námu 2,1 ma.kr. og viðbótargreiðslur vegna uppgjors fyrri ára námu 2 ma.kr. Ef lítið er framhjá þessum tveimur liðum námu tekjur af tekjuskatti lögaðila 7,8 ma.kr. sem er 3,2 ma.kr. yfir áætlun.



Tekjur af tryggingagjaldi jukust um 4,2% á milli ára og námu 21,3 ma.kr. sem er 7,5% meira en áætlað var. Tryggingagjaldsprósentan er lægri ár en í fyrra en þrátt fyrir það hefur innheimtan aukist á milli ára. Skýringin er sú að heildarlaunastofn í janúar-mars er 13% hærrí í ár en í fyrra, sem er umtalsvert meiri vöxtur en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar. Tekjur af eignarsköttum, að frátalinni sérstakri greiðslu frá lífeyrissjóðum, námu 2,9 ma.kr. samanborið við áætlun upp á 3,5 ma.kr. Þar af voru auðlegðar- og erfðafjárskattur undir áætlun en stimpilgjöld yfir áætlun. Sérstakt gjald á lífeyrissjóði, sem einnig er flokkað sem eignarskattur, skilaði 1,4 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Ekki hafði verið reiknað með þessari upphæð í tekjuáætlun árið 2012 heldur tekjuáætlun síðasta árs þegar tölurnar eru skoðaðar á greiðslugrunni. Gjaldsdagi greiðslunnar var í árslok 2011 en eindagi nokkrum vikum síðar.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu alls 65,0 ma.kr. sem er 15,8% nafnaukning á milli ára og 1,4 ma.kr. yfir tekjuáætlun. Frávikið má að mestu rekja til meiri tekna af virðisaukaskatti því aðrir liðir óbeinna skatta voru að jafnaði í takt við áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu 10,7% umfram verðlagsbreytingar. Sá líður sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta er virðisaukaskattur og námu tekjur af honum 42,3 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins sem er 0,5 ma.kr. eða 1,2% yfir tekjuáætlun. Tekjur af virðisaukaskatti eru nokkuð sveiflukenndar, m.a. vegna endurgreiðslna innskatts, og því getur verið erfitt að áætla heimtur af honum niður á einstaka mánuði. Þannig voru tekjur af skattinum töluvert yfir áætlun í janúar, febrúar og apríl, en verulega undir áætlun í mars. Bráðabirgðatölur fyrir maí benda til þess að innheimtan sé nokkuð yfir áætlun í þeim mánuði.

Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum jukust um rúm 70% á milli ára og námu 1,2 ma.kr. sem er í takt við tekjuáætlun enda hefur innflutningur bifreiða aukist verulega síðastliðin misseri. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi jukust samanlagt um 6,3% á milli ára og námu 4,8 ma.kr. Þar af skilaði tóbaksgjald 1,6 ma.kr. sem er heldur undir áætlun og áfengisgjald 3,1 ma.kr. sem er heldur yfir áætlun. Tölur yfir sölu áfengis og tóbaks benda til þess að gjaldstofn áfengisgjalds hafi aukist lítillega á milli ára á meðan gjaldstofn tóbaksgjalds hefur dregist nokkuð saman og er sú þróun í stórum dráttum eins og reiknað var með. Bensín- og olíugjöld skiluðu samtals 5,5 ma.kr. sem er í takt við tekjuáætlun.

Aðrar tekjur jukust um ríflega fjórðung á milli ára og námu 11,7 ma.kr. sem er 3,2 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik má að mestu rekja til 1,8 ma.kr. arðgreiðslu frá Landsvirkjun og sömuleiðis 1 ma.kr. söluhagnaðar vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og í febrúar sl. Ekki hafði verið gert ráð fyrr þessum tekjum í tekjuáætlun tímabilsins janúar-apríl.

Greidd gjöld námu 171,9 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 14,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 9,1%. Greidd gjöld voru innan fjárheimilda tímabilsins um 4,5 ma.kr. eða 2,6%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.



Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 3 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við fjárheimildir ársins. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 1,1 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við fjárheimildir ársins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með greiðslum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála jukust um 2,8 ma.kr. milli ára en voru lítillega innan heimilda. Frávikið skýrist að stærstu leyti með greiðslum vegna Lífeyristrygginga og bóta samkvæmt laga um félagslega aðstoð, en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 1,9 ma.kr. milli ára en voru um 1 ma.kr. innan áætlana. Útgjöld Landspítala jukust um 1,1 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til öldrunarheimila voru 540 m.kr. hærrí en á sama tímabili 2011 og voru jafnframt 210 m.kr. hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust milli ára um 1,1 ma.kr. en voru 2,9 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld Vegagerðarinnar voru 774 m.kr. hærrí en á sama tímabili 2011 en voru 1,8 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með annarri greiðsludreifingu en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menntamála voru 2,4 ma.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en 1,1 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem jukust um tæpa 2 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlun. Útgjöld Háskóla Íslands drógust saman um 608 m.kr. milli ára og voru þau jafnframt 854 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til menningar-, íþróttar- og trúmála voru 408 m.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en voru í jafnvægi við fjárheimildir tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 986 m.kr. milli ára og voru jafnframt 496 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Þessi aukning skýrist að mestu með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 336 m.kr. milli ára og eru jafnframt 480 m.kr. umfram heimildir. Þá aukast útgjöld vegna Héraðsdómstóla um 90 m.kr. milli ára, Sérstakur saksóknari um 106 m.kr., Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu um 154 m.kr. og Landsdómur um 70 m.kr. Útgjöld til umhverfisverndar eru 130 m.kr. hærrí í ár en á sama tíma í fyrra en voru 207 m.kr. innan áætlana. Útgjöld Umhverfisstofnunar aukast um 60 m.kr. milli ára og útgjöld Vatnajökulspjóðgarðs um 24 m.kr. Úrvinnslusjóður er 179 m.kr. innan heimilda en útgjöld hans aukast um 20 m.kr. milli ára. Þá eru útgjöld Endurvinnslunnar 67 m.kr. innan heimilda en svipuð og á síðasta ári. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 149 m.kr. og voru jafnframt 137 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust lítillega saman milli ára eða um 73 m.kr. og voru að mestu í jafnvægi við heimildir. Óregluleg útgjöld jukust um 685 m.kr. milli ára og voru jafnframt 1,1 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 449 m.kr. hærrí en á síðasta ári og jafnframt 585 m.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur 236 m.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra og var jafnframt 535 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir.

**Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl 2010-2012**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	41.770	35.024	39.071	-16,2	11,6
þar af vaxtagreiðslur	27.298	21.062	24.049	-22,8	14,2
Varnarmál	549	449	301	-18,2	-33,0
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	6.218	5.841	6.827	-6,1	16,9
Efnahags- og atvinnumál	15.219	14.581	15.666	-4,2	7,4
Umhverfisvernd	1.286	1.264	1.395	-1,7	10,3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	213	149	76	-30,0	-48,8
Heilbrigðismál	36.814	36.120	38.058	-1,9	5,4
Menningar-, íþróttar- og trúmál	5.608	5.297	5.705	-5,5	7,7
Menntamál	17.776	15.553	17.940	-12,5	15,3
Almannatryggingar og velferðarmál	40.997	39.984	42.829	-2,5	7,1
Óregluleg útgjöld	4.790	3.390	4.075	-29,2	20,2
Gjöld alls	171.241	157.653	171.943	-7,9	9,1

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 11,8 ma.kr. á fyrsta ársþriðjungi en á sama tíma í fyrra var lánsfjárfjöfnuðurinn neikvæður um 10,9 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 78,6 ma.kr., þar af voru 77,1 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu lána Norðurlanda í mars. Þá greiddi ríkissjóður upp erlent lán sem var á gjalddaga í apríl að jafnvirði 27,7 ma.kr. Aðrar erlendar afborganir námu 4,8 ma.kr. Innlendar afborganir námu tæpum 1,5 ma.kr.

Lántökur námu 31,6 ma.kr. í ársþriðjungnum, þar af voru 16 ma.kr. gefnir út innanlands. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 36,4 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 20,1 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 16,3 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði á móti um 20,4 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam 15,5 ma.kr.